

Ed.

6. Tillaga til þingsályktunar

um söfnun erlendra heimilda um fyrirkomulag ákvæðisvinnu.

Flm.: Jónas Jónsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að leitast við að afla frá Bandaríkjunum og Rússlandi sem allra ýtarlegasta heimilda um skipulag ákvæðisvinnu í þessum löndum í öllum aðalgreinum framleiðslunnar og leggja niðurstöður þeirrar athugunar fyrir Alþingi.

Greinargerð.

Ákvæðisvinna hefur verið reynd hér á landi og það jafnvel frá fornu fari. Hlutarráðning á báta og skip, sildarsöltun á Siglufirði, lifrarhlutir á íslenskum togurum er allt þættir í ákvæðisvinnu, auk margra tilrauna í sambandi við landbúnað og byggingarvinnu, sem telja má, að séu öllum kunnar.

Hér á landi hefur á síðari árum komið í ljós talsverður mótþrói gegn ákvæðisvinnu frá ýmsum leiðtogum verkamanna. Þessi mótþrói, auk hinnar sérstöku eftirspurnar eftir vinnuafli síðan erlendur her með miklar framkvæmdir settist að í landinu, hefur valdið því, að vinnuhraðinn hefur í mörgum greinum landvinnu nálgast lognpunktinn. Við ýmsar tegundir vinnubragða hér á landi er ekki ótítt, að fimm menn hreyfi sig lítið eða ekki við störfin, meðan einn vinnur. Þetta ástand vinnumálanna er sérstaklega óheppilegt fyrir unga menn, sem læra að vinna og mótast að lífsvenjum, meðan slíkt ástand varir.

Þessi vinnubrögð eru að visu háskaleg nú, en þau verða enn háskalegri eftir stríðið, þegar afurðir landsmanna erlendis hrapa stórlega á heimsmarkaðinum og þrengist um atvinnu heima fyrir. Íslendingar eiga þá að keppa um stærstu framleiðsluvöru sína við nábúa eins og Breti og Norðmenn, sem sannarlega draga ekki af sér, meðan stríðið stendur, og eiga ekki að búa við neitt svipaða verðbólgu og við Íslendingar.

Það mun vera talið, að Bandaríkjamenn hafi til skamms tíma staðið fremstir í skipulagningu ákvæðisvinnu, einkanlega í stóriðjunni. Eftir að bolsevíkar tóku við völdum í Rússlandi, beittu þeir í fyrstu sama skipulagi og verklyðsleiðtogar mæla með hér: að greiða öllum við sömu vinnu jafnt dagkaup, án tillits til afkasta hinna einstöku verkamanna. En vinnuhraðinn varð með þessu móti svo lítill, að forkólfum bolsevíka varð ljóst, að ef ekki yrði úr bætt, mundi Rússland sligast undir hinu nýja skipulagi, með þeim kröfum, sem til þess voru gerðar. Leiðtogar bolsevíka fengu sér þá fyrst í stað fjölda sérfróðra manna, einkum frá Bandaríkjunum, og settust við fótiskör Fords og annarra af auðjötnum Ameríku og lærðu af þeim skipulag vel starfræktrar ákvæðisvinnu. Rússar virðast hafa látið neyðina kenna sér og í höndum þeirra virðist ákvæðisvinnan hafa orðið almenn og áhrifamikil fyrir rekstur þjóðarbúsins. En megineinkenni ákvæðisvinnu er, að menn við sama starf fá misjafnt kaup, allt eftir dugnaði og vinnuafköstum. Duglegi maðurinn fær að sama skapi meira kaup en liðléttingurinn sem hann afkastar meiri vinnu.

Það þarf í sjálfu sér ekki að fræða Íslendinga um ágæti ákvæðisvinnu að því er snertir aukin afköst. Öllum er kunnugt um hinn ótrúlega vinnuhraða, sem íslenskar stúlkur hafa náð við sildarsöltun og við sauma í hinum unga fatagerðariðnaði, þar sem ákvæðisvinna er höfð. Þá er og alkunnugt um vinnuafrek sjómanna á íslenskum togurum, þar sem lifrarhluturinn er þáttur ákvæðisvinnu. En sildarstúlkurnar á Siglufirði og sjómennirnir á togurunum eru í eðli sínu hvorki duglegra né vinnufúsara fólk en þúsundir af systurum og bræðrum í landi, sem vinna nú með litlum hraða undir áhrifum hins jafna kaupgjalds, hvað sem afköstum liður.

Mér finnst sérstök ástæða til, að Íslendingar kynni sér vinnubrögð Rússa í þessu

skyni. Þeir hafa lært af Ford, án þess að láta hann telja sig af trúnni. Við getum lært í þessu efni af bolsevikum í Rússlandi, án þess að verða fyrir það fylgjendur einræðis fámennrar kliku, sem hefur leynilögreglu og njósnara á hverju strái. Auk þess má gera ráð fyrir, að þeim verkamönnum og verklyðsleiðtogum hér á landi, sem hallast að stefnu kommúnista, verði geðþekkingara að taka upp betri vinnubrögð við framleiðsluna, ef ekki verður um deilt, að fyrirmyndin sé frá þeirri þjóð, sem þeir vilja taka til fyrirmyndar um alla jarðneska hluti.